



Selfossi 26. Nóvember, 2010
KEi/kei/gþ

Fundargerð stjórnar

100. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn föstudaginn 26. nóvember, 2010 kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi, Slökkvistöð

Mætt: Eyþór Arnalds, Ólafur Ö. Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Húsnæðismál

a) Málafni varðandi húsið að Árvegi 1 Selfossi

Eyþór fór yfir stöðu mála.

Ljóst er að tafir verða á flutningi slökkviliðsins í nýja slökkvistöð að Árvegi 1. Selfossi. Áformað var að flutningur gæti orðið 1. desember n.k. Ekki verður af því og stefnan sett á mars-apríl. Forráðamenn eigenda hússins, Sveitarfélagsins Árborgar hafa tekið þá ákvörðun að bjóða út þá verkþætti sem eftir er að framkvæma þannig að húsnæðið uppfylli kröfur leigjenda samkvæmt fyrirlyggjandi leigusamningi.

Fram hefur komið að kostnaður við þessa verkþætti eru heldur meiri en upphaflega var settur fram og því talið ekki annað fært en bjóða út verkið. Framkvæmda- og veitusvið Árborgar sér um þá vinnu sem að þessu snýr.

b) Leigugjald útstöðva.

Umræður urðu um húsaleiguverð slökkvistöðva BÁ í sýslunni.

Nú liggur fyrir að flutt verður í nýja slökkvistöð á Selfossi á næsta ári þar sem fyrir liggur leiguverð í nýju húsi. Fyrir liggur erindi frá Skeiða og Gnúpverjahreppi dags. 18.11.2010 þar sem farið er fram á endurskoðun leigusamnings vegna aðstöðu BÁ í Árnasi.

Niðurstaða:

Samþykkt að unnið verði samræmingu leiguverðs til sveitarfélaga sem leigja húsnæði fyrir starfsemi BÁ.

Tekið verði mið af ástandi eigna við endurskoðunina.

Samþykkt að slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri ræði við leigusala um leiguverð í samræmi við umræður á fundinum.

2. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Fyrir fundinum liggja drög að fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2011.

Kristján og Pétur skýrðu helstu liði áætlunarinnar.

Fyrir árið 2011 er tekið tillit til verðlagsbreytinga þar sem sýnt þykir að hækkunir hafa orðið á rekstrarliðum og aðföngum.

Helstu liðir til hækkunar eru launabreytingar slökkviliðsmanna, hækkun afborganna af lánum, nýtt starf eldvarnaeftirlitsmanns og áherslubreytingar varðandi læknisskoðanir og þolpróf slökkviliðsmanna.

Aðrir liðir hækka misjafnlega mikið og sumir ekkert.

Niðurstaða:

Stjórn BÁ samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun með sjö milljóna hagræðingarkröfu á heildar niðurstöðu áætlunarinnar. Slökkviliðsstjóra falið að útfæra lækkingunni til samræmis við ákvörðun stjórnar.

3. Málefni slökkvitækjaþjónustu

Kristján greindi frá stöðu mála varðandi breytingu á rekstri slökkvitækjaþjónustunnar eftir að eignarhaldsfélag var stofnað varðandi þann rekstur.

Fyrir liggur að skipta um stjórn eignarhaldsfélagsins og leggja fram framkvæmdaáætlun.

4. Önnur mál

Kristján greindi frá stöðu mála vegna ágreinings hvort um leigu eða afnot á slökkvibíl frá SUT ehf. á Selfossi fyrir slökkvistöðina á Selfossi.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.00

Eyþór Arnalds
Gunnar Þorgeirsson
Ólafur Örn Ólafsson
Kristján Einarsson